

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1123	Suðurgötu 12	Steinunn Guðný Einarsdóttir Gæðastjóri			
Arctic Sea Farm hf. Dýrafjörður	400 Ísafjörður	Stein Ove Tveiten CEO			
Tilafni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Annað	3.2.2020	6.2.2020	14,00	0,00	5,00

Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Aðrar athugasemdir

Vegna tilkynningar frá Arctic Sea Farm um gat á kví á eldissvæði fyrirtækisins fór starfsmaður Matvælastofnunar (undirritaður) í eftirlit til að kanna aðgerðir fyrirtækisins vegna málsins.

Atvikalýsing

Gat uppgötvaðist á kví E1 við/að Eyrarhlíð þann 1. febrúar sl. um kl. 13:30 við reglulegt neðansjávareftirlit eftir óveður. Í kjölfarið var yfirmönnum fyrirtækisins tilkynnt um atvikið. Kafarar voru á staðnum og fóru þeir strax niður að gera við gatið. Matvælastofnun barst tilkynning um atvikið þann 1. febrúar sl. kl. 16.30 og öðrum tilkynningarskyldum aðilum var einnig tilkynnt um atvikið. Gatið var um 99 cm rifa á 20 m dýpi. Í kvínni voru 169.046 laxar með meðalþyngd 2,4 kg. Síðasta neðansjávareftirlit var 22. janúar sl. og var ekki að sjá gat þá en skyggni var ekki ákjósanlegt. Síðasta köfunareftirlit var þann 5. desember sl. og var nótapoki heill þá.

Net voru lögð út á eldissvæðinu samdægurs um kl. 15 í samráði við Fiskistofu. Fiskistofa ákvað að senda ekki eftirlitsmann á staðinn eftir samtali við ASF og í ljósi þess að eftirlitsmaður Matvælastofnunar var á leiðinni á staðinn. Netanna var vitjað sunnudaginn 2. febrúar sl. og var enginn laxfiskur í þeim. Netanna var aftur vitjað með eftirlitsmanni Matvælastofnunar þann 3. febrúar sl. og veiddist enginn lax. Í kjölfarið voru netin tekn upp og veiðum hætt.

Orsök gats á nótapoka eru óljós en líklega má rekja það til síendurtekinna lægða og slæms veðurs sl. daga og vikna. Ljóst er að gatið hefur myndast einhverntíman á tímabilinu 5. desember til 1. febrúars, þar sem ekki er hægt að útiloka að gatið hafi verið til staðar þann 22. janúar vegna slæms skyggnis við neðansjávareftirlit. Arctic Sea Farm mun hafa samband við framleiðendur nótapokans til að komast að því hvort að um framleiðslugalla sé að ræða, því nótapokar af þessari gerð eiga að þola slíkt álag. Um nýjan og ónotaðan nótapoka er að ræða.

Arctic Sea Farm telur ólíklegt að fiskur hafi sloppið út um gatið með tilliti til staðsetningar rifunnar, að fóðurþörf hefur ekki breyst og ekki hefur sést til laxa í kringum kvíarnar. En þó er ekki hægt að útiloka að fiskur hafi strokið.

Niðurstaða

Arctic Sea Farm fylgdi sinni eigin viðbragðsáætlun vegna slyasleppinga og brást við á viðeigandi hátt skv. reglugerð. Fyrirtækið uppfyllti tilkynningarskyldu sína með því að tilkynna atvikið til Matvælastofnunar, Fiskistofu, sveitarfélags og nærliggjandi veiðifélaga. Net og annar nauðsynlegur búnaður til veiða var staðsettur á höfninni. Ábyrgðarmenn fyrirtækisins útveguðu öll umbeðin gögn og útbjuggu skýrslu um atvikið sem notuð var við úrvinnslu málsins.

Orsök gata má líklega rekja til veðurs og mögulegs framleiðslugalla en óskar Matvælastofnun eftir því að stofnunin verði upplýst án tafar ef nýjar upplýsingar koma í ljós. Einnig óskar stofnunin eftir því að verða upplýst um þau atriði sem mögulega geta bent til þess að fiskur hafi strokið, t.d. ef fódurþörf í kvínni minnkar.

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.“

Starfsstöð

Arctic Sea Farm hf. Dýrafjörður
Suðurgötu 12
400 Ísafjörður
Staða: Í gildi
Kennitala: 7008070450

Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - AE - Áframeldi

Tengiliðir

Steinunn Guðný Einarsdóttir	8694831	sge@afish.is	Gæðastjóri
Stein Ove Tveiten	8439900	sot@afish.is	CEO

Eftirfarandi skoðunatriði voru skoðuð og reyndust í lagi

3.3.1 Viðbragðsáætlun vegna slyssleppinga

3.3.2 Búnaður vegna slyssleppinga

3.3.3 Hámarksfjöldi fiska í sjókví

Hjörtur Methúsalemsson
hjortur.methusalemsson@mast.is
sérfræðingur í fiskeldi
5304800

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr.1170/2015 um fiskeldi. Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.